

# Námsáætlun í textílmennt veturinn 2016-2017

6. bekkur

Áfangalýsing og kennsluhættir			
<p>6. bekkur er 3 sinnum í viku í textílmennt, 80 mínútur í senn ¼ af vetrinum.</p> <p>Nemendur rifja upp að þræða yfir- og undirtvinna saumavélarinnar og að spóla. Þjálfast í undirstöðuatriðum vélsaums, rifja upp að sikksakka yfir brún, læra að mæla, brjóta, næla og falda einbrotinn fald, að sauma rennilás í efni. Nemendur læra að fara vel með efni og að nýta efnisafganga í bútasaum, læra að sauma búta beint á undirlag.</p> <p>Nemendur æfa uppfitjun, að prjóna slétt og brugðið, læra að nota hringprjón, og einfalda úrtöku. Þeir læra um vinnslu ullar og að þæfa utan um stein.</p> <p>Verkefnin verða lögð inn fyrir allan hópinn og vinnuferlið útskýrt. Síðan einstaklings- og parakennsla. Lögð verður áhersla á að hver nemandi er einstakur og reyni að gera <b>SITT</b> besta. Allir vinna eftir sínum forsendum og á sínum hraða. Sérstök áhersla verður á hjálpssemi og samvinnu.</p>			
Tímab.	Viðfangsefni	Lýsing	Hæfniviðmið aðalnámsskrár
	<p><b>Umgengni í stofu</b></p> <p><b>Að þræð saumavél og spóla</b></p> <p><b>Vélsaumur</b> Penna-/ snyrtiveski</p> <p><b>Prjón</b> Húfa úr grófu garni</p> <p><b>Vélsaumur</b> Svunta</p> <p><b>Þæfing</b> Utan um stein</p> <p><b>Efnisfræði</b></p>	<p>Rifja upp umgengnisreglur í stofunni</p> <p>2 og 2 þræða saman 2 saumavélar. Læra að spóla. (1,2)</p> <p>Unnið með efnisafganga. Velja liti, og raða saman, rífa í hæfilegar lengjur, sauma beint á fóður. Rennilás saumaður í á einfaldastan hátt (1,2,3,4,5,8)</p> <p>Æfa að fitja upp, prjóna slétt og brugðið og að nota hringprjón. Læra að taka úr. Læra að fara eftir einfaldri prjónauppskrift. (1,4,5,6,7)</p> <p>Læra að sníða einfalda flík án saumfara, æfa að sikksakka yfir brún, mæla, brjóta, næla, fald og að strauja. Hanna vasa-snið, skreyta að vild. (1,3,4,5,6,7)</p> <p>Finna stein. Velja liti af ullarkembu og þæfa. skreyta með þráðum, perlum eða öðru að vild. (2,,4,5)</p> <p>Læra um tilurð ullarefnis frá sauðkind - geitum og kaninum til spuna og vefnaðar með því að horfa á fræðslumyndbönd (8)</p>	<p><b>Sameiginleg f. list- og verkgr.</b></p> <p><b>Menningarlæsi</b></p> <p><b>Nemandi getur:</b></p> <p>1 hagnýtt leikni og þekkingu sem nem. hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, 2 tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði, 3 haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, 4 sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, 5 lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p> <p><b>textílmennt</b></p> <p><b>Handverk, aðferðir og tækni</b></p> <p><b>Nemandi getur:</b></p> <p>6 unnið með einföld snið og uppskriftir.</p> <p><b>Sköpun, hönnun og útfærsla</b></p> <p><b>Nemandi getur:</b></p> <p>7 Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla</p> <p><b>Menning og umhverfi</b></p> <p><b>Nemandi getur:</b></p> <p>8 gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.</p>
Námsgögn			
<p><b>Efni:</b> Léreft, efnisafganga,ullarkemba, grænsápa, steinn, rennilás tvinni, garn og fl.</p> <p><b>Áhöld:</b> Saumavél, straujárn, prjónar, nálar , títuprjónar, skæri, og fl</p>			
Námsmat			
<p><b>Námsmat</b> tekur mið af völdum hæfniviðmiðum aðalnámsskrár og eftirfarandi lykilhæfnipáttum: virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð. Þá er almenn færni í námsgreininni metin. Námsmatið fer fram jafnt og þétt yfir tímabilið.</p>			
Kennari			
Marta Aðalh. Hinriksdóttir; Martaa@akmennt.is			